

1873.

15. ágúst.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um skuldir sýslumanns.

Eptir að vèr samkvæmt tilmælum fjárhagsstjórnarinnar höfðum boðið amtmanninum yfir vesturumdæminu, að sæta lagi, og selja jörðina Ingunnarstaði, sem rikissjóðurinn hafði tekið fyrir skuldir Gunnlögs Blöndals, fyrrum sýslumanns í Barðastrandar-sýslu, ef svo stæði á, að það yrði gjört skaðlaust, hefir tæður amtmáður skýrt frá, að sèr hafi tekizt að selja tæða jörð fyrir 400 rd, sem sè borgaðir í jarðabókarsjóðinn.

Um leið og vèr tilkynnum fjárhagsstjórninni þetta, sendum vèr endurrit af afsalsbræfi því, sem út er gefið í þessu tilefni með danskri útlekkingu, og kvittun landfógetans fyrir því, að upphæðin sè borguð til jarðabókarsjóðsins.

28. ágúst.

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.

Með bræfi 17. apríl þ. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað skoðunargjörð viðvíkjandi tjóni því, sem jörðin Varmá, sem heyrir undir umboð Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefir orðið fyrir sökum áfalla af sandfoki og aurskriðum, og stungið uppá samkvæmt bænarskrá, er hlutaðeigandi sýslumaður hefir mælt með, að leiguliðunum á tæðri jörð, Jóni Árnasyni og Halldóri Halldórssyni verði gefnir upp 10 rd. hvorjum af landskuldinni til fardaga 1873.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem á stendur, fellst á uppástungu yðar.